# Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra

Matsblað fyrir

Menningarverkefni

| Nr | Matsþættir<br>að hve miklu leyti á eftirfarandi við? | Vægi |
|---|---|---|
| 1 | **Lýsing á verkefninu** er skýr og greinargóð. Markmið og afurð verkefnis eru ljós. Við lestur umsóknar er skýrt hver væntur árangur verkefnis er og miklar líkur á að hann náist. | 15% |
| 2 | **Verk- og tímaáætlun** er vel ígrunduð og skýr. Verkþættir og vörður eru vel skilgreindar. Tímaáætlun er trúverðug, tekur á áskorunum sem upp geta komið og er mjög líkleg til að standast. | 10% |
| 3 | **Kostnaðaráætlun** er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er til staðar eða mjög líkleg til að ganga eftir. | 10% |
| 4 | Verkefnið styður mjög vel við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess færir okkur nær tilgreindum **markmiðum Sóknaráætlunar** sem gert er grein fyrir í umsókn á samfærandi hátt. Verkefnið er mjög líklegt til að hafa **jákvæð samfélagsleg áhrif**. | 30% |
| 5 | Hlutverk **samstarfsaðila** er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila. | 10% |
| 6m | Mikið **nýnæmi** felst í verkefninu. Nýtt verkefni, frumsköpun, sem hefur mjög jákvæð áhrif á menningarlíf svæðisins. | 10% |
| 7m | Verkefnið hefur mikil áhrif á **listrænt/menningarlegt gildi** svæðisins. | 15% |

*Uppfært 13.09.2023*

# Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA

Matsblað fyrir

Menningarverkefni

SSNE Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

| Nr | Matsþættir | Vægi | 4 stig | 3 stig | 2 stig | 1 stig | 0 stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Lýsing á verkefninu** | 15% | Lýsing á verkefninu er skýr og greinargóð. Markmið og afurð verkefnis eru ljós. Við lestur umsóknar er skýrt hver væntur árangur verkefnis er og miklar líkur á að hann náist. | Lýsing á verkefninu er nokkuð góð. Markmið og afurð verkefnisins eru nokkuð ljós. Fram kemur hver væntanlegur árangur verkefnis er og nokkuð góðar líkur á að hann náist. | Lýsing á verkefninu er ásættanleg. Lýsing á markmiðum og afurð verkefnis er til staðar en mætti vera skýrari. Væntanlegur árangur mætti vera betur skilgreindur. | Lýsingu á verkefninu er ábótavant. Markmið og afurð verkefnis eru ekki nægilega skilgreind. Væntur árangur er óljós eða ótrúverðugur og takmarkaðar líkur á að hann náist. | Lýsing á verkefninu er ófullnægjandi. Markmið og afurð eru lítt eða illa skilgreind. Óljóst er hvers er vænst af verkefninu og það ólíklegt til að verða að veruleika eða skila árangri. |
| 2 | **Verk- og tímaáætlun** | 10% | Verk- og tímaáætlun er vel ígrunduð og skýr. Verkþættir og vörður eru vel skilgreindar. Tímaáætlun er trúverðug, tekur á áskorunum sem upp geta komið og er mjög líkleg til að standast. | Verk- og tímaáætlun er ígrunduð og fremur skýr. Verkþættir og vörður eru skilgreindar. Tímaáætlun raunsæ og hugað er að áskorunum sem upp geta komið. | Verk- og tímaáætlun er ásættanleg. Verkþættir og vörður er til staðar en mætti vera skýrar og betur skilgreint. Tímaáætlun í lagi en tekur ekki á áskorunum sem geta komið upp. | Verk- og tímaáætlun er gróf og frekar óljós. Ólíklegt að verkefnið vinnist og klárist samkvæmt áætlun. | Verk- og tímaáætlun er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar. |
| 3 | **Kostnaðaráætlun** | 10% | Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er til staðar eða mjög líkleg til að ganga eftir. | Kostnaðaráætlun er nokkuð skýr og fjármögnun trúverðug. | Kostnaðaráætlun og fjármögnun er ásættanleg en mætti vera betur unnin. | Kostnaðaráætlun og fjármögnun eru mjög grófar og vantar því upp á trúverðugleika. | Kostnaðaráætlun/fjármögnun er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar. |
| 4 | **Tengsl við Sóknaráætlun** | 30% | Verkefnið styður mjög vel við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess færir okkur nær tilgreindum markmiðum Sóknaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn á samfærandi hátt. Verkefnið er mjög líklegt til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. | Verkefnið styður við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess er líkleg til að þjóna markmiðum Sóknar-áætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn. Góðar líkur eru á jákvæðum samfélagsleg áhrifum af verkefninu. | Verkefnið styður að nokkru leyti við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess samræmist markmiðum Sóknaráætlunar sem getið er í umsókn. Nokkrar líkur eru á jákvæðum samfélagsleg áhrifum af verkefninu. | Óljóst er hvernig verkefnið færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar, en einhverjar líkur eru á jákvæðum samfélagsleg áhrifum af verkefninu a.m.k. í nærsamfélagi. | Verkefnið fellur ekki að markmiðum eða framtíðarsýn Sóknaráætlunar. |
| 5 | **Samstarf** | 10% | Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila. | Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og verkefnið er líklegt til þess að skapa tengsl og jákvæð samlegðar áhrif. | Samstarf er lítilega skilgreint og kann að hafa jákvæð áhrif. | Samstarf er óverulegt og lítt skilgreint. | Samstarf er ekki fyrir hendi í verkefninu. |
| 6m | **Nýnæmi** | 10% | Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Nýtt verkefni, frumsköpun, sem hefur mjög jákvæð áhrif á menningarlíf svæðisins. | Verkefnið felur í sér frumsköpun að hluta, töluvert nýnæmi fyrir svæðið og/eða mikið nýnæmi í nærumhverfi. | Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til nærumhverfis. | Afar lítið nýnæmi felst í verkefninu. | Ekkert nýnæmi felst í verkefninu. |
| 7m | **Listrænt eða menningarlegt gildi** | 15% | Verkefnið hefur mikil áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins. | Líkur eru á jákvæðum áhrifum af verkefninu á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins. | Verkefnið kann að hafa nokkur jákvæð áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins, einkum ef horft er til nærumhverfis. | Verkefnið hefur óljós áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins. | Verkefnið hefur engin áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins. |

*Ef umsókn fær 0 stig fyrir einhvern af þremur fyrstu liðunum (rauðmerktir) telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi.*

*Uppfært 13.09.2023*